

Fundargerð 74. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu miðvikudaginn 21. apríl 2015 kl. 9:00 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albina Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Sævar Skaptason og Guðjón Bragason.

Frá FMS: Björn Jóhannsson og Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir

Dagskrá fundar

- 1) Málefni Skrúðs
- 2) Önnur mál

Fundargerð**1) Málefni Skrúðs**

Til umræðu var svar Framkvæmdasjóðs Skrúðs við bréfi um breytingar á forsendum verkefnis 13-007, þjónustuhús við Skrúð í Dýrafirði dagsett 20. mars 2015.

Stjórnin taldi að í bréfi til stjórnar Framkvæmdasjóðs Skrúðs hafi ekki verið nógu skýrt kveðið á um hvaða framkvæmdir sjóðurinn teldi ekki styrkhæfar s.s. skýrsluskrif, ráðstefnu- og sýningahald, bráðabirgðahúsnaði og salernisgámar.

Rætt var almennt um verkefnið. Ítrekað er að samningur snýr að hönnun og framkvæmdum við þjónustuhús: „Styrkurinn er veittur til hönnunar og framkvæmda við þjónustuhús fyrir ferðamenn við Skrúð í Dýrafirði“. Í framvinduskýrslu sem barst 9. febrúar s.l. er tilgreindur kostnaður við ráðstefnuhald, skýrsluskrif og sýningahald sem ekki getur talist hluti af því sem tilgreint er í samningi.

Andmæli svars Framkvæmdasjóðs Skrúðs snúa að því að sjóðnum hefði átt að vera kunnugt um að forsendur væru breyttar. Breyttar forsendur breyta ekki því að fara þarf eftir skilmálum úthlutanar. Lagt er til að farið sé yfir skýrslu og reikninga líkt og aðrar skýrslur til sjóðsins og ákvarða á þeim grundvelli hvað sé styrkhæft og hvað ekki.

Úttekt úr greiðslufirliti:

Nr.	Styrkþegi	Verkheiti	Styrkir	Áætl. Lok	L	Greitt út			Eftirstöðvar
						G1	G2	G3	
13-007	Framkvæmdasjóður Skrúðs	Þjónustuhús við Skrúð í Dýrafirði	5.000.000	01.12.13	0	2.500.000			2.500.000

Björn bendir á mikilvægi þess að þeim skilaboðum sé komið til styrkhafa um hvað þurfi að koma til svo framkvæmdir verði styrkhæfar. Hann leggur til tvær leiðir, annars vegar að hætta með verkefnið og styrkþegi haldi þeim fjármunum sem runnið hafa í styrkhæfa verklíði samkvæmt samningi. Hins vegar að styrkþega sé boðið að setja upp nýja framkvæmdaáætlun miðað við 10 milljón króna framkvæmd (styrkur 13-007 að viðbættu mótframlagi) sem byggir á forsendum samnings.

Stjórnin áréttar að laun og ferðakostnaður stjórnarmanna séu ekki styrkhæf og geti ekki talist mótframlag við framkvæmdina. Birni er falið að athuga og staðfesta að ekki hafi borist neinar upplýsingar um reikninga og kostnað fyrir en 2015.

Stjórnin leggur til að andmælunum sé svarað skriflega með ítarlegri greinargerð, og Framkvæmdasjóði Skróðs gefinn kostur á fundi með stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða um hvernig best væri að ljúka verkefninu á farsælan hátt.

Tillaga að greinargerð:

- Yfirferð yfir eðli umsóknar og á hvaða grunni styrkveitingin byggði.
- Yfirferð yfir hvaða kostnaðarliðir eru styrkhæfir og hverjir ekki, t.d. kalla eftir nánari útlistun á verkefnum Elísabetar.
- Hvað í nýja verkefninu er styrkhæft og hvað ekki.
- Senda afrit af lögum til stuðnings og ákvæðum í auglýsingum og starfsreglum sjóðsins.
- Boð á fund.

Einnig er því velt upp hvort ferðapjónustuaðilar í héraði þ.e.a.s skipafélög, ferðaskipuleggendur og rútufyrirtæki eigi að leggja til tímabundna salernisaðstöðu á sumrin.

2) Önnur mál

Rædd var staða Framkvæmdasjóðsins en litlar breytingar hafa orðið frá því á síðasta fundi. Björn mun hafa samband við styrkþega eldri styrkja og reka á eftir því að framkvæmdir séu kláraðar.

Farið yfir tölvupóst sem barst frá Helgu Erlingsdóttur vegna Goðafossverkefnis. Björn fer yfir gögn og sendir fundargerð til Helgu.

Stöðu mála við Hamragarða (Seljalandsfoss og Gljúfrabúa) var rædd.

Birni var falið að skipuleggja vettvangsferð stjórnar á norðurland dagana 22. - 23. júní og útbúa tillögu að dagskrá.

Birni falið að senda út fundarboð fyrir fund 12. maí kl. 8:30

Fundi slitið kl.10:15

Fundargerð rituðu Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir og Björn Jóhannsson



Soungkhez
Anna G. Sveinisd
Guðjón Bragason